



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	ANR17020190 Innleiðing tilskipunar 2015/2302 um alferðir og ferðapakka
Ráðuneyti	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti
Stig mats	<input checked="" type="checkbox"/> Frummat, sbr. 1. gr. <input type="checkbox"/> Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	8. desember 2017

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs

- a) Hvaða fjárhagsgreining, rekstraráætlanir, reiknilíkön eða önnur áætlanagerð hefur farið fram við undirbúning fjárhagsmatsins?

Engin.

- b) Helstu forsendur sem áætlanir byggja á og næmni niðurstaðna fyrir frávikum
c) Eru fjárhagsáhrif tímabundin eða varanleg?

Varanleg.

- d) Skorður sem eru settar fyrir útgjöldum og hvatar sem geta haft áhrif á útgjaldaþróun

Á ekki við.

- e) Aðskilin umfjöllun um brúttóáhrif á tekjuhlíð og gjaldahlíð en einnig tilgreind nettóáhrif á afkomu

2. Tekjubreytingar

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

Frumvarpið mun ekki fela í sér nýjan tekjustofn.

3. Útgjaldabreytingar

– Sjá gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

Ekki gert ráð fyrir auknum útgjöldum svo neinu nemi. Ferðamálastofa og Neytendastofa hafa nú þegar hlutverk á grundvelli laga um alferðir, nr. 80/1994, og ekki er gert ráð fyrir því að innleiðing gerðarinnar muni kalla á fjölgun starfsmanna. Einhver kostnaður mun verða við útgáfu kynningarefnis og veitingu leiðbeininga til aðila á markaði. Gera má ráð fyrir að sá kostnaður verði mestur fyrst eftir gildistöku laganna en minnka þegar fær dregur.

4. Eignabreytingar

– Sjá sérstakan gátlista fyrir mat á fjárhagsáhrifum

Engar.

5. Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál

- a) Samræmi við viðmið og sjónarmið um fyrirkomulag á útgjaldastýringu og umbúnað í fjárlögum
b) Samræmi við viðmið um framsetningu fjárlaga og reikningshaldslegan grundvöll samkvæmt lögum um opinber fjármál
c) Uppbygging skattkerfis og tekjuöflunar ríkissjóðs
d) Forsendur og umbúnaður þjónustugjalda – lagakröfur

- e) Rekstrarform ríkisstarfsemi
- f) Opinber innkaup og útboð
- g) Eignaumsýsla ríkisins
- h) Réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna
- i) Ríkisstyrkir og ívilnanir, þ.m.t. samræmi við reglur ESA, sbr. 61. gr. EES-samningsins. Ath. tilkynningarskyldu með tveggja mánaða fyrirvara.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
 - a) í gildandi fjárlögum
 - b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs
 - c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar
2. Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?
3. Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?

Nei.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið
2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.

– Sjá leiðarvísinn „Grunnmat á eftirlitsreglum“

Ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur verða fyrir áhrifum. Um 330 aðilar hafa ferðaskrifstofuleyfi frá Ferðamálastofu en ekki er víst að öll fyrirtæki verði fyrir áhrifum.

3. Samkeppnisskilyrði

- a) Líkur á því að fjöldi fyrirtækja á markaði takmarkist með beinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér einhvers konar einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta)

Gerðin felur ekki í sér einkarétt, leyfiskerfi eða kvóta. Starfsemi ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjenda er þegar leyfis skyld skv. 8. gr. laga um skipan ferðamála, nr. 73/2005.

- b) Líkur á því að fyrirtækjum á markaði fækki með óbeinum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað eða tekur aðeins til hluta starfandi fyrirtækja)

Gerðin tekur til allra fyrirtækja sem starfa á markaði fyrir pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Gerðin felur í sér aukna neytendavernd sem allir sem falla undir lögin þurfa að uppfylla og því ekki líkur á að gerðin sem slík muni fækka aðilum á markaði.

- c) Takmarkanir á möguleikum fyrirtækja til þess að mæta samkeppni vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin hefur áhrif á verð fyrirtækja eða eðli vörunnar t.d. staðlar eða ef aðgerðin takmarkar sölusvæði, svigrúm til að auglýsa eða til að ákveða hvernig vara er framleidd)

Gerðin mun gera ferðaskrifstofum og ferðaskipuleggjendum auðveldara að veita þjónustu yfir landamæri vegna gagnkvæmrar viðurkenningar á tryggingarkerfum sem gerðin felur í sér og því getur mögulegt sölusvæði þeirra stækkað. Gerðin felur í sér samræmdar reglur fyrir alla aðila innan EES-svæðisins og gagnkvæm viðurkenning tryggingarkerfa mun auka samkeppni fyrirtækja yfir landamæri auk þess sem það felur í sér hvata til að búa til hagstætt tryggingarkerfi.

- d) Takmarkanir á frumkvæði fyrirtækja til að stunda samkeppni með virkum hætti vegna reglusetningar (líklegt ef aðgerðin felur í sér að fyrirtæki verði undanþegin)

samkeppnislögum eða ef fyrirtæki bera skyldu eða eru hvött til að skipta með sér hvers konar viðskiptalegum upplýsingum)

Á ekki við.

D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**

– Ath. að skylt er að leggja slíkt mat fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga til umsagnar og tilkynna niðurstöðu máls til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins

Á ekki við.

2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með fjögurra mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Engin áhrif á frelsi til að veita þjónustu sem slíkt en mun auka möguleika til að veita þjónustu yfir landamæri innan EES-svæðisins.

3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**

– Ath. tilkynningarskyldu til ESA með þriggja mánaða fyrirvara, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 666/2011

Á ekki við.

4. **Áhrif á byggðalög**

Á ekki við.

5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**

Á ekki við.

6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**

– Sjá leiðarvísi fyrir mat á jafnréttisáhrifum

Tilskipunin tekur með almennum hætti til allra þeirra sem selja ferðir sem falla undir gildissvið hennar og henni er ekki ætlað að hafa sérstök áhrif á eitt kyn umfram önnur.

7. **Áhrif á lýðheilsu**

Á ekki við.

8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**

Á ekki við.

9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**

Á ekki við.

10. **Áhrif á stjórnslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**

Mun fela í sér breytingu á verkefnum Ferðamálastofu og Neytendastofu en ekki grundvallarbreytingar þar sem þessar stofnanir hafa nú þegar svipuð hlutverk á grundvelli laga um alferðir, nr. 80/1994.

11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**

Á ekki við.

12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun**

Getur haft þau áhrif að auka ferðalög almennings. Ferðalög eru almennt óumhverfisvæn vegna mikillar kolefnislosunar flugvéla sem eru óhjákvæmilegur þáttur í ferðalögum til og frá Íslandi.

13.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

Óverulegar fjárhagsbreytingar fyrir ríkissjóð.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á

Gerðin felur í sér aukna neytendavernd og samræmd samkeppnisskilyrði aðila sem selja pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun á EES-svæðinu. Eykur möguleika á að veita þjónustu yfir landamæri. Nokkuð flóknar efnisreglur sem er fyrirséð að veita þurfi aðilum á markaði leiðbeiningar um.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)

Samfélagslegur ávinningur af aukinni neytendavernd.

4.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

- 1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?**
- 2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?**
- 3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?**